# FW: Listaverkið Kópur við Þinghól liggur undir alvarlegum skemmdum.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skjalavarsla skjaladeild <Skjalavarsla@kopavogur.is> |
| **Frá** | : | Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is> |
| **Heiti** | : | FW: Listaverkið Kópur við Þinghól liggur undir alvarlegum skemmdum. |
| **Málsnúmer** | : | 23052142 |
| **Málsaðili** | : | Geir Guðmundsson |
| **Skráð dags** | : | 30.05.2023 08:13:03 |
| **Höfundur** | : | Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is> |
| **Viðhengi** | : | image001.jpg<br>2022-10-22 11.33.22.jpg<br>2022-07-25 23.48.49.jpg<br>2022-08-12 18.23.56.jpg<br>2022-08-12 18.24.22.jpg<br>2022-08-12 18.24.33.jpg<br>2022-08-12 18.23.36.jpg |


Kveðja,

Sigurbjörg H. Hauksdóttir

*Þjónustustjóri þjónustuver*

441 0000 | sigurbjorg@kopavogur.is

Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000



Fyrirvari/disclaimer


---

**From:** Geir Guðmundsson
**Sent:** laugardagur, 27. maí 2023 16:46
**To:** Þjónustuver Kópavogsbæjar
**Cc:** Soffía Karlsdóttir ; Elísabet Berglind Sveinsdóttir - varabæjarfulltrúi ; Margrét Tryggvadóttir
**Subject:** Listaverkið Kópur við Þinghól liggur undir alvarlegum skemmdum.

Til umsjónaraðila útilistaverka í Kópavogi og Lista- og menningarráðs, og eða þeim sem málið kemur við.

Sæl

Ég vil benda á að listaverkið Kópur eftir Grím Marinó Steinþórsson, sem er við Þinghól í botni Kópavogs, liggur undir alvarlegum skemmdum.

Mikið vindálag er á verkið, sem virkar eins og segl sem grípur vindinn og það eru komin þreytubrot í stálvirki verksins og festingar farnar í sundur á tveimur eða þremur stöðum, þannig að núna sveiflast það í vindi sem veldur enn meira brot-álagi á það og ný stór þreytubrots-sprunga er farin að vaxa eftir verkinu miðju sem mun innan skamms taka það í sundur, þannig að það fellur til jarðar, ónýtt og getur mögulega valdið skaða eða tjóni á fólki og


Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

málleysingjum ef það er við verkið þegar það brotnar endanlega í tvennt.

Það er nauðsynlegt að taka verkið niður í sumar og fara með í viðgerð og sjóða aftur þessar brotnu rafsuður sem halda verkinu saman, en líka þarf að styrkja verkið með fleiri festingum, því það þolir greinilega ekki það vindálag sem er á staðnum og listamaðurinn hefur ekki getað reiknað burðarþol verksins út þegar hann gerði það.  Möguleg getur öflug verkfræðistofa komið með endurbætur á hönnun verksins þannig að verkið þolir álagið, með óverulegum og snyrtilegum útlitsbreytingum.

Kær kveðja
Geir
s. 771 8328

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026